

HÁSKALEG TILRAUN Á SELTJARNARNESI

Kvennalistinn er stórkostlegt fyrirbæri.

Hann er nýstárlegastur og merkilegastur alls þess, sem gerst hefur í íslenskum stjórnámálum í áratugi.

Hann er bylting í hugsun og bylting í vinnubrögðum.

Hann hefur gefið hundruðum og þúsundum kvenna nýja von, ekki bara hér á landi, heldur víða um heim.

Það er því ekki að furða, þótt okkur sé annt um afkvæmið og viljum sýna varkárni í þróunarferlinum.

Kvennalistinn er fjöregg okkar, sem í þessari hreyfingu störfum.

Engu að síður er það von og trú okkar flestra, að einhvern tíma í framtíðinni verði Kvennalistinn ekki lengur til, heldur verði hugmyndafræði okkar og vinnubrögð uppistaða og ívaf í viðtækri hreyfingu, þar sem konur og karlar geta unnið hlið við hlið af gagnkvæmri tillitssemi og virðingu hvert fyrir annars forsendum, menningu og sjónarmiðum.

Sennilega treystir engin sér til að meta, hversu fjarlæg sú framtíðarsýn er, og sumar eru óþolinmóðari en aðrar.

En kvennalistakonur hafa gert nokkrar varfærnislegar tilraunir, sem við eigum að geta lært af og nýtt okkur. Til einnar slíkrar tilraunar var stofnað á Seltjarnarnesi nú í vor. Sú var raunar ekki ákveðin með miklum fyrirvara, hún var býsna ómarkviss og jafnvel háskaleg. Við tókum mikla áhættu og megum þakka fyrir, hversu vel það glæfraspil tókst í rauninni.

Á Seltjarnarnesi háttar svo til, að Sjálfstæðisflokkurinn hefur ráðið þar lögum og lofum í um 3 áratugi og lengst af með mikinn meirihluta í bæjarstjórninni, sem telur nú 7 manns. Á síðasta kjörtímabili sátu þar 4 sjálfstæðismenn, voru áður 5, 2 frá Alþýðubandalagi og 1 frá Framsóknarflokki.

Hugmynd um sameiginlegt framboð gegn Sjálfstæðisflokknum kom fram snemma ársins, en kvennalistakonur komu mjög lítið við sögu fyrr en eftir allnokkra fundi fulltrúa óháðra og annarra flokka en Sjálfstæðisflokksins. Það var því dálítið búíð að leggja línur og m.a. ákveða að hafa opið prófkjör til að raða á listann. Í því fólst auðvitað aðalháskinn.

Stofnað var félag um þetta framboð, Bæjarmálafélag Seltjarnarness, og sóttu um 100 manns stofnfundinn. Þetta er mjög mikilvægt atriði, því þarna er gerð tilraun til að skapa nýtt afl, sem geri menn óháða - eða óháðari - flokksböndunum. Abyrgð þeirra og skyldur eiga að vera gagnvart þessu félagi fyrst og fremst, en ekki gagnvart flokkunum, sem þeir kunna annars að vera starfandi í.

13 manns buðu sig fram í prófkjörinu, 7 karlar og 6 konur, þar af ein kvennalistakona, Katrín Pálsdóttir.

Niðurstaðan var mjög athyglisverð, því konur urðu sigurvegarar í þessu prófkjöri, röðuðust í 4 efstu sætin. Síðan var reyndar skipt út í 4. sætinu. Okkar kona, Katrín, lenti í 3. sæti, en fékk reyndar flest atkvæði samanlagt. Við urðum þess mjög varar, að margir litu á þessar niðurstöður prófkjörsins sem sérstakan sigur og viðurkenningu fyrir Kvennalistann, og ég er raunar þeirrar skoðunar, að það traust, sem konum er sýnt í auknum mæli, .m.a. á þennan hátt, sé fyrst og fremst starfi Kvennalistans að þakka.

Það er einnig ánægjulegt og athyglisvert, að alls staðar þar sem kvennalistakonur tóku þátt í framboði, þá tryggðu þær kjör kvenna í viðkomandi bæjarstjórnir. Þar með er auðvitað ekki tryggt, að þessar konur hafi svifið inn með kvennalistaandann ómengaðan, en vonandi undir áhrifum!

Áhrifa okkar gætti a.m.k. talsvert í þeirri stefnu, sem framboðið á Nesinu lagði upp með. Við létum eftir mætti til okkar taka varðandi vinnubrögð og áherslur, en þess má geta líka, að jafnhliða prófkjörinu fór fram skoðanakönnun um áhersluverkefni, og niðurstaðan varð mjög afgerandi: Umhverfismálin eru nr. 1,2 og 3. Í kosningabaráttunni varð síðan hjúkrun aldraðra mjög heitt mál, sem mæddi mikið á Katrínu, og stóð hún sig frábærlega í því.

Það má kannski segja, að okkar kona hafi unnið sigur í kosningabaráttunni, en tapað í kosningunum sjálfum. Úrslitin voru mikil vonbrigði, en þó merkileg að því leyti, að eftir þessar kosningar sitja 5 konur og 2 karlar í bæjarstjórn Seltjarnarness, og sama hefði orðið uppi á teningnum, þótt við hefðum fengið 3 fulltrúa, sem sjálfstæðismenn 4. Þetta sýnir altént sókn kvenna í bæjarmálunum þar.

Það er mat okkar, sem höfum tekið þátt í þessu, að það horfi nokkuð vænlega með framhaldið. Nýlega var fundur í félaginu, þar sem tilnefnt var í nefndir, og bar ekki mikið á togstreitu við undirbúning þess.

Spurningunni um það, hvort þessi leið skilar árangri, verður ekki svarað fyrr en að 4 árum liðnum. Þá verður komið í ljós, hvort menn reynast hollari gamla flokknum sínum eða þessu nýja sameiginlega afli.

Okkur hefur fundist þetta lærdómsríkt. Samstarfið hefur gengið vel, menn umgangast af tillitssemi, og hefur tekist furðanlega að teygja á flokksböndunum með örfáum undantekningum. Vandamál hafa verið leyst með lempni og samstarfsvilja.

Auðvitað er þetta töluvert ólíkt því að vinna með kvennalistakonum einum. Slíkt var bara ekki raunhæfur möguleiki á Seltjarnarnesi að þessu sinni. Þetta var eina færa leiðin til þess að hafa áhrif á gang mála. Það ánægjulegasta við þessa þátttöku okkar núna var að sækja til starfa kvennalistakonur, sem hingað til hafa verið óvirkar.

Við getum svo velt vöngum á ýmsa vegu út af úrslitum kosninganna. Á Seltjarnarnesi, eins og víðast hvar á höfuðborgarsvæðinu, galt þetta nýja afl örugglega fyrir frændskapinn við ríkisstjórnina. Sjálfstæðisflokkurinn nýtur þess að hafa verið í stjórnarandstöðu, sem hann hefur allar aðstæður til að notfæra sér út í ystu æsar. Þessi ríkisstjórnarstimpill var í rauninni það, sem mér þótti óþægilegast við þetta samstarf, því margt fólk setur ósjálfrátt og vanhugsað jafnaðarmerki þarna á milli. En það er stundum erfitt að velja, það er alltaf hætta á því að óhreinka sig, þegar við stelpurnar förum út að leika okkur.

Eitt vil ég svo taka fram að lokum, sem er alveg heiðskirt í mínum huga: Sveitarstjórnarmál og landsmál eru sinn hvor handleggurinn og allt önnur lögmál, sem gilda í landsmálapólitík en sveitarstjórnarmálum. Sameiginlegt framboð á landsvisu kemur því ekki til álita að mínum dómi.

Kristín Halldórsdóttir.